

Menningarsjóðs, en sæti varðhaldi í 30 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Þær 12 flöskur áfengis, er málinu fylgja, eru gerðar upp tækar til ríkissjóðs.

Ákærði greiði allan sakarkostnað, þar með talin máls-varnarlaun skipaðs verjanda síns, Vilhjálms Árnasonar, hrl., kr. 2.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 101/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)

gegn

Jóni Ara Ágústssyni

(Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa vitnin Ásgeir Stefánsson strætisvagnstjóri, Guðmundur Jónsson lögregluvarðstjóri og Friðrik Hermannsson lögregluþjónn mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Ennfremur hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf Rannsóknarstofu próf. Jóns Steffensens til saksóknara ríkisins, dags. 16. ágúst 1962. Í bréfi þessu segir um rannsókn þá, er gerð var þar á blóði ákærða: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur þessar: þ. e. reducerandi efni samsvarandi alkoholi 1,19‰ og 1,43‰, meðaltal 1,31‰.“

Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í framangreint skipti náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þegar tekið er tillit til venju-

legrar mælingarskekkju og þeirra reducerandi efna, annarra en áfengis, sem „eðlilega“ eru í blóði manna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 10 daga varðhald.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns þar, sem ákveðast kr. 3.000.00.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa og vararefsingin 10 daga varðhald.

Ákærði, Jón Ari Ágústsson, greiði allan áfrýjunarkostnað sakarinnar, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 3.000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns, Egils Sigurgeirssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 3.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Reykjavíkur 4. maí 1962.

Ár 1962, föstudaginn 4. maí, var á dómþingi sakadóms Reykjavíkur, sem háð var í skrifstofu dómsins af Ármanni Kristinssyni sakadómarara, kveðinn upp dómur í sakadómsmáli nr. 1911/1962: Ákærvaldið gegn Jóni Ara Ágústssyni, sem tekið var til dóms samdægurs.

Málið er með ákæruskjali, dagsettu 26. apríl 1962, höfðað gegn ákærða, Jóni Ara Ágústssyni múrara, Bakkastíg 9, Reykjavík, fyrir að hafa laugardagskvöldið 3. marz 1962 ekið undir áhrifum áfengis bifreiðinni R 12547 frá Höfðaborg 86 um Miðtún og Höfðatún að Borgartúni, þar sem bifreiðin stöðvaðist.

Telst þetta varða við 2. sbr. 4. mgr. 25. gr. sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, og 1. mgr. 24. gr. sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði er fæddur 26. júní 1931 í Reykjavík. Sakavottorð hans hljóðar svo:

1948 10/4 Rvík: Sátt: 40 kr. sekt fyrir brot gegn 9. gr. lög-reglusamþykktar Reykjavíkur.

1951 21/7 Rvík: Sátt: 100 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1953 24/1 Rvík: Sátt: 75 kr. sekt fyrir ölvun og óspektir.

1961 7/2 Rvík: Áminning fyrir ölvun.

Málsatvik eru þessi:

Laugardaginn 3. marz 1962, klukkan rösklega 21.00, var lög-reglu tilkynnt, að ölvaður maður mundi vera við akstur bifreið-arinnar R 12547. Bifreiðina fundu lögreglumenn nokkru síðar mannlause á Höfðatúni. Fóru þeir heim til skráðs eiganda henn-ar, ákærða í máli þessu, og var varðstjóráskýrsla tekin af hon-um klukkan 22.00 þá um kvöldið. Virtist lögreglu hann þá vera ölvaður.

Ákærði hefur fyrir dómi jatað að hafa ekið bifreiðinni greint sinn, þótt hann hefði áður neytt áfengis og fyndi til áhrifa þess við aksturinn. Hann kvaðst hafa neytt frekara áfengis, eftir að hann lauk akstri.

Tekið var sýnishorn úr blóði ákærða, er sýndi „reducerandi“ efni, er samsvara 1.31‰ af alkóhóli.

Samkvæmt niðurstöðu alkóhólrannsóknar og með eigin játn-ingu ákærða, sem er í samræmi við önnur gögn málsins, telst sannað, að ákærði hafi gerzt sekur um háttsemi þá, sem hon-um er gefin að sök í ákæruskjali og þar rétt færð til refsí-ákvæða, að undanskilinni 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958.

Þykir refsing hans eftir atvikum hæfilega ákveðin 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en vararefsing varðhald 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Svo sem krafizt er í ákæruskjali og samkvæmt lagaákvæð-um þeim, er þar greinir, ber að svipta ákærða ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dóms þessa að telja.

Loks ber að dæma ákærða til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Dómsorð:

Ákærði, Jón Ari Ágústsson, greiði 2.500 króna sekt til ríkissjóðs, en sæti varðhaldi í 7 daga, verði sektin eigi greidd innan 4 vikna frá birtingu dómsins.

Ákærði er sviptur ökuréttindum í 6 mánuði frá birtingu dómsins að telja.

Ákærði greiði allan sakarkostnað.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Föstudaginn 2. nóvember 1962.

Nr. 103/1962. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Jóni Þorvaldssyni (Egill Sigurgeirsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómara Hæstaréttar.

Áfengis- og umferðarlagabrot.

Dómur Hæstaréttar:

Eftir uppsögu héraðsdóms hafa lögreglumennirnir Rudolf Axelsson og Óskar Ólason mætt fyrir dómi og staðfest skýrslur sínar.

Enn fremur hafa verið lögð fram í Hæstarétti nokkur ný skjöl. Meðal þeirra er bréf Rannsóknarstofu prófessors Jóns Steffensens, dags. 16. ágúst 1962. Í bréfi þessu segir um rannsókn þá, er gerð var þar á blóði ákærða: „Gerð var að vanda tvöföld athugun, og reyndust niðurstöðutölur þessar: Reducerandi efni samsvarandi alkóhóli 1,44‰ og 1,22‰, meðaltal 1,33‰.“

Að svo vöxnu máli þykir ekki komin fram lögfull sönnun fyrir því, að áfengismagn í blóði ákærða hafi í framangreint skipti náð því lágmarki, sem getur í 4. mgr. 25. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, þegar tekið er tillit til venjulegrar mælingarskekkju og þeirra reducerandi efna, annarra en áfengis, sem „eðlilega“ eru í blóði manna.

Ber því að staðfesta hinn áfrýjaða dóm, þó svo, að frestur til greiðslu sektarinnar ákveðst 4 vikur frá birtingu dóms þessa.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun fyrir Hæstarétti, er renni í rikissjóð, kr. 3000.00, og málsvarnarlaun verjanda síns fyrir Hæstarétti, sem ákveðast kr. 3000.00.